

Framtíð skóla- og frístundastarfs í Laugardal
Umsögn íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis

Vegna tillagna þess efnis að byggður verði sérstakur unglingaskóli fyrir nemendur búsetta í Laugardal og nágrenni, auk Múlahverfis og í Skeifunni, vill íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis koma á framfæri eftirfarandi ábendingum/athugasemdum:

- Í fyrsta lagi áréttar íbúaráðið þá afstöðu sína að ráðið skuli teljast sem réttmætur umsagnaraðili í þessu máli. Í samræmi við tillöguna er áætlað að breyting verði á núverandi skólahverfum og að nemendur sem búa munu innan núverandi marka skólahverfis Álftamýrarskóla flytjast yfir í skólahverfi Laugardals. Þessir framtíðarnemendur og foreldrar/forráðamenn þeirra verða því íbúar í borgarhlutanum Háaleiti/Bústaðir og því skýrt að mati ráðsins að það skuli teljast til hag- og umsagnaraðila í málinu.
- Íbúaráð Háaleitis og Bústaða tekur ekki afstöðu til þeirra sviðsmynda sem kynntar hafa verið í því undirbúningsferli sem fram hefur farið síðustu ár. Ef bygging unglingaskóla í Laugardal verður að veruleika vill íbúaráðið eiga hlut að máli. Ef breyting verður á áætlunum og fallið verður tilbaka í fyrri sviðsmyndir sem snúa að uppbyggingu við núverandi skóla í Laugardal þarf íbúaráð Háaleitis og Bústaðahverfis ekki að koma að málinu.
- Athugasemdir íbúaráðsins snúa fyrst og fremst að mögulegri staðsetningu unglingaskólans og aðgengi nemenda sem búsettir verða sunnan við Suðurlandsbraut að skólanum. Þær staðsetningar sem hafa verið til skoðunar henta vissulega misvel fyrir nemendur og hafa hver um sig sína kosti og galla. Ef einblínt er á íbúa við Orkureit og í Skeifunni hefur lóð nr. 2, við horn Suðurlandsbrautar og Engjavegar, augljósa kosti. Lóðin er stór og opin og nálægt þessum stóru uppbyggingarreitum auk tengingar lóðarinnar við einn helsta göngu- og hjólastíg borgarinnar meðfram Suðurlandsbraut. Þar að auki mun Borgarlínan fara um Suðurlandsbraut og gæti stoppað við lóðina.
- Hinir reitirnar sem um ræðir hafa auðvitað sína kosti og ef frekari endurnýjun og uppbygging verður í Múlahverfi á íbúðarhúsnæði vestur eftir Suðurlandsbraut má reikna með að þar bætist við hugsanlegir nemendur skólans sem taka þyrfti tillit til við staðarval. Í því samhengi þarf þó kannski helst að skýra hvar mörk á breyttum skólahverfum kunna að liggja og mögulega hvort gera eigi ráð fyrir að íbúar í vesturhluta Múlahverfis muni sækja skóla í Álftamýrarskóla. Mikilvægt er því að líkleg aukin íbúðauppbygging í Múlahverfi verði höfð til hliðsjónar um staðsetningu unglingaskólans í Laugardal og um leið hver mörk skólahverfanna skulu vera.

- Sama hver staðsetning fyrirhugaðs skóla kann að verða leggur íbúaráð Háaleitis- og Bústaða ríka áherslu á að hugað verði að því að bæta umhverfi Suðurlandsbrautar þannig að gatan verði sem minnstur farartálmi fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Fyrirhuguð umbreyting á götunni með tilkomu Borgarlínunnar er nú kominn á hönnunarstig og mikilvægt að hugað verði að því að þverun og umhverfi götunnar verði sem best og öruggast fyrir nemendur búsetta í Múlahverfi.

Fyrir hönd íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis
Birkir Ingibjartsson